

Fyrsti fundur Delta deildar árið 2014 var haldinn í Háteigi í Grand Hótelinu miðvikudaginn 29. janúar 2014

Þórunn setti fund, fór með nafnakall og kveðjur og kveikt var á kertum. Megin efni fundarins var námskeiðið Leiðarstjarnan sem okkar kona Sigrún Jóhannesdóttir hélt fyrir okkur.

Leiðarstjörnuna byggir Sigrún á fimm arma stjörnu sem táknar sjálfseflingu, næmi, framsýni, veruleika og djörfung. Liðir 2-5 í stjórnunni byggir hún á leiðtogatígli Peter Kostenbaum (www.pib.net) og byrjuðum við á að máta okkur við það módel. Kostenbaum telur tvenns konar lausnir vera við viðfangsefnum, "annað hvort eða" og "bæði og" og samkvæmt því unnum við að spennukorti. Sigrún fjallaði einnig um hugarlása og hinn frjálsa vilja manneskjunnar og nefndi ýmis dæmi um það. Allt var þetta mjög fróðlegt og vorum við sammála um að næsta vetur þyrftum við að halda áfram með þessa vinnu, einkum og sér í lagi þar sem nokkuð margar konur áttu þess ekki kost að sækja fundinn og námskeiðið.

Að loknu námskeiðinu hjá Sigrúnu gæddum við okkur á dýrindis kjúklingasalati

Formaður flutti fréttir frá samtökunum, svo sem um fyrirhugað vorþing á Ísafirði í maí, en frestaði orðum til umhugsunar, þar sem frekar var ákveðið að halda áfram með nokkra leiki undir stjórn Sigrúnar, þar sem reyndi á samstarf, frumkvæði og hugmyndaauðgi við úrlausn verkefna.

Rætt um fundardaga fram á vor og samþykkt að Þórunn myndi senda yfirlit yfir fundardaga fram á vor til félagskvenna: Akranesi 26. febrúar, Reykholti 27. mars og aðalfundur í Borgarnesi 28 apríl.

Happadrættið var á sínum stað og að þessu sinni hreppti Elsa vinninginn.

Punktar ÞR